

Íbúafing haldið í Hlein þann 21/11/2007 kl 16.30.

Á fundinn mættu Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri Akureyrar, Hermann Jón Tómasson, Sigríður Stefánsdóttir, Baldvin H. Sigurðsson, Jón Birgir Gunnlaugsson, Jón Ingi Cæsarsson og Valdimar Brynjólfsson frá Heilbrigðiseftirlitinu. Frá Hverfisráði voru Kristinn Fr. Árnason, Theodóra Kristjánsdóttir, Linda María Ásgeirsdóttir, Ingimar Ragnarsson og Hjördís Ýrr Skúladóttir. Að auki voru mættir 41 fundargestur.

Kristinn Árnason formaður Hverfisráðs Hríseyjar bauð gesti velkomna og setti fundinn. Stakk hann upp á Theodóra Kristjánsdóttur sem fundarritara og Jóni Inga Cæsarsyni sem fundarstjóra. Samþykkti fundurinn það.

Fundarstjóri kynnti dagskrá fundarins og breytingar á henni og bar breytingu undir fundarmenn. Breyting samþykkt.

Kristinn Árnason formaður Hverfisráðs Hríseyjar opnaði fundinn og rakti í grófum dráttum störf Hverfisráðs sl 12 mánuði.

Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri, ávarpaði fundinn. Hún þakkaði Hverfisráði vel unnin störf. Hún kynnti fundinum tilgang Hverfisráðs og stiklaði á stóru í þjónustu sveitarfélagsins. Sigrún fór einnig yfir framkvæmdir sem nú væri verið að vinna og hefðu verið unnar undanfarið ár. Í máli hennar kom fram að margt hefur verið gert og margt framundan. Hún hafði líka þær gleðifréttir að fólki hefði fjölgað bæði í Hrísey og á Akureyri.

Kynning á staðardagskrá fyrir Hrísey. Nú er verið að ljúka vinnu við staðardagskrá fyrir Akureyri og Hrísey. Jón Birgir Gunnlaugsson fór í grófum dráttum yfir staðardagskrá fyrir Hrísey. Hann dreifði nokkrum eintökum á fundinum til kynningar. Verkefnið hefur gengið vel og lýstu menn ánægju sinni með hvernig til hefði tekist. Vonir standa til að hægt verði að afgreiða sameiginlega staðardagskrá Hríseyjar og Akureyrar út úr Umhverfisnefnd Akureyrarbæjar í desember nk. Þá þegar öðlst hún gildi.

Fundarstjóri óskaði eftir athugasemdum úr sal varðandi staðardagskrána. Aðalsteinn Bergdal benti á hvort ekki væri heppilegra að frítt í ferju fyrir alla tæki gildi 1/5/2008 en ekki 1/9/2008 þegar ferðamannatíminn væri liðinn..

Birgir Snorrason spurði um stiga niður í fjöru við Sæborg þar sem mikið væri spurt af ferðafóki hvernig best væri að komast yfir grjótvörnina og hvar. Birgi og fundinum tjáð að umræddur stigi kæmi næsta vor.

Sigurður Högnason vildi koma á framfæri í hve slæmu ástandi Austurvegin væri frá Austurvegi 12 og austurúr. Lýsti óánægju sinni með að framkvæmdum skyldi hafa verið frestað til 2009. Sigrún Björk upplýsti fundinn um að það hefði orðið að gera þar sem ekki væri fjármagni í þetta fyrir.

Hulda Hrönn Helgadóttir benti á að þörf væri orðin á nýjum umferðarskiltum þar sem hin væru orðin máð og gömul. Jón Birgir tók það mál að sér að kanna með ný skilti.

Smári Thorarensen vildi koma því á framfæri að dráttarvélar á götum eyjarinnar væru í síst betra ástandi en bílarnir og væru ekki skoðaðar. Orðalagi í staðardagskrá breytt í framhaldinu þess efnis að stefna beri að fækkun “ökutækja” í Hrísey ekki bara “bíla”.

Birgir Snorrason kom fyrirspurn varðandi Sæborg, hvað ætti að gera við hana þegar fjölnotahús yrði tilbúið. Sigrún Björk svaraði því til að líklegast færi það á sölu. En ekkert ákveðið enn.

Næst á dagskrá var kosning í Hverfisráð, þeim stjórnaði Sigríður Stefánsdóttir. Fór hún yfir reglur um það hverjir mættu kjósa og hverjir ekki. Fyrst voru kosnir aðalmenn og svo varamenn.

Fundarhlé 7 mín.

Atkvæði talin og féllu á þann veg að í Hverfisráð voru kjörin Hjördís Ýrr Skúladóttir, Linda María Ásgeirsdóttir, Kristinn Árnason, Kristján Ingimar Ragnarsson og Aðalsteinn Bergdal. Varamenn voru kosnir Guðrún Þorbjarnardóttir, Unnsteinn Rúnar Kárason, Víðir Björnsson, Þröstur Jóhannsson og Þorgeir Jónsson.

Næst á dagskrá voru atvinnumál.

Kristinn Árnason fór yfir stöðu mála og rakti hvernig atvinnumálin hefðu verið undanfarin ár og svo þróunina þar til nú.

Orðið laust.

Hjördís Ýrr Skúladóttir spurði um ráðningu ferðamálafulltrúa. Sigrún Björk svaraði því til að það mál yrði unnið af Akureyrarstofu í samráði við Markaðsráð Hríseyjar.

Bjarni Ómar Guðmundsson formaður félags sumarhúsaeigenda í Hrísey bað um orðið. Bjarni lagði fram undirskriftarlista með nöfnum þeirra sumarhúsaeigenda sem mótmæla opnun hausapurkkunar á Sandshorni. Afhenti hann Valdimari Brynjólfssyni frá Heilbrigðiseftirlitinu listann.

Kristján Kristjánsson frá Sæfangi, sem sækir um leyfi fyrir hausapurkkun, kom í pontu og útskýrði undirbúning og rekstur væntanlegrar hausapurkkunar. Lagði hann fram gögn um mælingu vinds og vindátta. Vindmælir þessi er staðsettur á Norðurskeljarhúsinu. Kristján sagði frá aðdraganda þess að ákveðið var að fara í hausapurkkun. Hann rakti hvernig mengunarvandamál væru hjá öðrum fyrirtækjum. Hann fór líka yfir þau mál sem mikið hafa verið rædd varðandi kvartanir á vöndri lykt. Kristján sagði frá samtölum sínum við sveitarstjórnarmenn í þeim sveitarfélögum þar sem hausapurkkanir eru staðsettar. Almennt mjög jákvæð ummæli þeirra manna. Sæfang hefur náð samkomulagi við Norðurskel um að hausapurkkunin verði staðsett í húsnæði Norðurskeljar.

Bjarni Ómar Guðmundsson fyrir misskilning sinn varðandi starfsleyfi Ystakletts sem er rekstaraðili umræddrar hausapurkkunar. Bjarni lagði einnig fram plagg frá Veðurstofu Íslands þar sem fram kemur ríkjandi vindáttir.

Linda María Ásgeirsdóttir kom með fyrirspurn til Valdimars heilbrigðisfulltrúa, hve lengi starfsleyfi yrði veitt til hausapurkkunarinnar.

Valdimar Brynjólfsson heilbrigðisfulltrúi rakti starfsheimildir Heilbrigðisnefndar. Útskýrði hvernig hægt væri að gefa út starfsleyfi með skilyrðum. Heilbrigðisfulltrúi óskaði eftir afriti af bókun Hverfisráðs um starfsleyfi hausþurrkunar Sæfangs.

Bjarni benti á að skoðanir eru skiptar á því hvenær lykt er vond og hvenær ekki ;o)

Sigrún Björk benti á að þetta svæði sem hausþurrkunin kemur til með að vera á er skipulagt svæði fyrir fiskvinnslu.

Kristján Kristjánsson frá Sæfangi benti mönnum á að hér var einu sinni hausþurrkun og var engin teljandi lykt af henni.

Smári Thorarensen bað um orðið og vildi koma á framfæri útskýringum á ummælum sem eftir honum voru höfð í DV og vitnað var í á fundinum. Hann vildi að það væri á hreinu að ranglega var eftir honum haft í DV.

Otto Þorgilsson bað um orðið og fagnaði opnun hausþurrkunar og hverju því sem gæti rennt stoðum undir atvinnulífið í Hrísey.

Birgir Sigurjónsson spurði forsvarsmenn Sæfangs hver hagnaðurinn við hausþurrkun væri, vildi hann fá að vita hráefnisverð og afurðaverð. Einnig hvaða hráefnið kæmi.

Kristján svaraði því hvaða hráefnið kæmi en vildi ekki nema að litlu leiti gefa upp verð.

Þróstu Jóhannsson lýsti ánægju sinni með opnum hausþurrkunar. Hann benti á að moltun færi fram í næsta húsi við sig og ekki pirraði sú lykt hann. Hann átti ekki von á því að lykt frá hausþurrkun gerði það heldur.

Þróstu spurði Sigrúnu Björk hvort hún teldi að hægt væri að flytja verkefni frá bænum til Hríseyjar. Sigrún svaraði því til hugsanlega væri það hægt, og það væri þá helst tölvuvinnsla.

Linda María kom inn á ferðaþjónustuna og benti á að Markaðsráð Hríseyjar væri til að hjálpa til við hverja þá uppbyggingu sem menn hefðu í huga ef einhver væri.

Bjarni Ómar bauðst til að vera “okkar maður fyrir sunnan” í málefnum ferðaþjónustu.

Smári velti því upp af hverju ekki hefði meira áunnist í ferðamenskunni hér. Hann vildi benda fólki á að ferðafólk hefði mikinn áhuga á fiskvinnslu og spyrðu mikið út í það þegar þeir væru á leið til Hríseyjar, í ferjunni.

Hjördís Ýrr vildi árétta það að fyrirtæki í eyinni væru dugleg að nýta sér Markaðsráðið.

Þróstur benti líka á áhuga ferðamanna á fiskvinnslu og löndun aflans.

Linda María sagði það staðreynd að ferðamönnum hefur fækkað á hluta Norðurlands. Og það væri okkur sjálfum að kenna. Okkur vantar fleiri gistipláss hér í Hrísey og í því yrðum við að gera sjálf.

Sigurður Högnason vildi benda á að sniðugt gæti verið að leyfa ferðamönnum að fara í gegnum fiskvinnslurnar á staðnum og skoða þær gegn gjaldi.

Aðalsteinn Bergdal talaði um “vonda lykt” sem markaðsvöru. Aðalsteinn vildi líka vekja athygli á mikilvægi þess að menn stæðu saman í eflingu ferðamennsku í Hrísey.

Sigrún Björk sagðist treysta Hríseyjningum vel til að snúa þessum málum okkur í hag, þar sem hér væri duglegt og þrautseigt fólk.

Jón Ingi Cæsarsson benti á mikilvægi þess að fanga ferðamanninn á sérstöðu Hríseyjar.

Þórdís Einarsdóttir spurði um styrki til að stofna og/eða reka ferðamennsku.

Valdimar þakkaði fyrir sig þar sem farið væri að stytast í fundinum.

Bjarni Ómar vildi koma því að hann og félag sumarhúsaeygenda hefði ekkert á móti Hríseyjningum og vildi jafnframt koma þeirri ósk á framfæri að hagur hausþurrkunar og annarrar starfssemi hér yrði sem mestur.

Hermann Jón Tómasson benti á nefndir og ráð til að hjálpa til við að hausþurrkun uppfyllti þau skilyrði sem hún á að gera. Hermann þakkaði jafnframt fyrir góðan og málefnalegan fund.

Baldvin H. Sigurðsson þakkaði fyrir góðan fund.

Jón Ingi fundarstjóri þakkaði fyrir sig og sleit fundi kl 18.45.

Kristinn Árnason þakkaði fundarstjóra, og fundarmönnum góðan fund.

Theodóra Kristjánsdóttir
Fundarritari.